

Fimmtudaginn 15. janúar 1981.

Nr. 25/1979. **Eiríkur Sigurjónsson og**
Guðný Ragnarsdóttir
 (Árni Grétar Finnsson hrl.)
 gegn
Þorkeli Árnasyni
 (Sigurður Helgason hrl.).

Uppboð. Skuldabréf. Gjaldlagi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 2. febrúar 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum máls þessa verður við það að miða, að áfrýjendur hafi fengið kröfu frá útibúi Landsbanka Íslands í Grindavík hinn 6. eða 7. nóvember 1977 um greiðslu afborgunar og vaxta af veðskuldabréfi því, sem uppboðsbeiðni stefnda er byggð á. Stefndi kveðst hafa tekið veðskuldabréfið úr útibúinu um 10. nóvember og komið því í hendur Gísla Sigurkarlssyni, héraðsdómslögmanni í Keflavík. Áfrýjandinn Guðný kveðst hafa farið í útibúið „til að greiða“ 11. eða 12. nóvember, en þá hafi sér verið tjáð, að bréfið hefði verið tekið þaðan 10. nóvember.

Með bréfi 16. nóvember 1977 krafðist Gísli Sigurkarlsson þess fyrir hönd stefnda, að áfrýjendur greiddu allan höfuðstól veðskuldabréfsins vegna greiðsludráttar svo og tiltekna vexti og kröfu, sem stefndi taldi sig eiga á áfrýjendur. Í bréfinu sagði, að uppboðs yrði krafist, ef kröfurnar yrðu ekki greiddar innan 8 daga. Lögmaðurinn tók fram, að greiðslu-

staður væri skrifstofa sín í Keflavík, en einnig mætti greiða Sveini Sigurkarlssyni lögfræðingi og semja við hann, en heimilisfang hans var sagt á tilteknum stað í Grindavík.

Í hinum áfrýjaða úrskurði greinir frá þeim framburði áfrýjandans Guðnýjar, að hún hafi í nóvember 1977 boðið bæði stefnda og Sveini Sigurkarlssyni að greiða gjaldfallna afborgun og vexti af veðskuldabréfinu. Stefndi kveðst hafa fengið slíkt boð frá Guðnýju, en segist ekki hafa viljað taka við greiðslunni, nema einnig væri borguð fyrrnefnd krafa. Sveinn Sigurkarlsson kveðst aftur á móti ekki hafa fengið slíkt greiðslutilboð fyrr en 9. desember 1977.

Hinn 16. nóvember 1977 mátti ekki krefjast greiðslu alls höfuðstóls veðskuldabréfsins og hvorki þá né síðar tengja greiðslu annarrar kröfu greiðsluafborgunar og vaxta af veðskuldabréfinu með þeim hætti sem gert var og fyrr er lýst.

Hvort sem áfrýjendur málsins máttu eða máttu ekki, eftir að þeim hafði borist bréf Gísla Sigurkarlssonar frá 16. nóvember, bíða frekari innheimtuaðgerða, verður að telja, að óumdeilt boð áfrýjandans Guðnýjar, sem hún gerði stefnda í nóvember 1977, en hann hafnaði, hafi leitt til þess, að viðtökudráttur varð hjá kröfuhafa, stefnda. Stóð svo, allt þar til hinar gjaldföllnu greiðslur voru lagðar á geymslureikning í Landsbanka Íslands 23. desember 1977.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er ekki fram komið, að þau vanskil hafi orðið á greiðslum samkvæmt veðskuldabréfi því, sem um getur í máli þessu, að það heimili að krefjast greiðslu alls höfuðstóls þess.

Í málinu er óumdeilt, að uppboðssala hefur engin farið fram á Túngötu 6 í Grindavík. Getur stefndi því eigi krafist greiðslu alls höfuðstóls margnefnds veðskuldabréfs með heimild í því ákvæði þess, að slíkt megi gera, „verði leitað fullnægju í eigninni til lúkningar öðrum kröfum“.

Samkvæmt ofanskráðu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna uppboðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjendum samtals 2.500.00 krónur (nýkr.) í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hins umbeðna uppboðs.

Stefndi, Þorkell Árnason, greiði áfrýjendum, Eiríki Sigurjónssyni og Guðnýju Ragnarsdóttur, samtals 2.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Grindavíkur 6. nóvember 1978.

Uppboðsbeiðandi, Þorkell Árnason, Leynisbrún 5, Grindavík, hefur krafist þess, að fram fari nauðungaruppboð á fasteigninni Túngötu 5, Grindavík, þinglesinni eign Eiríks Sigurjónssonar og Guðnýjar Ragnarsdóttur, til lúkningar skuld samkvæmt veðskuldabréfi að upphæð kr. 2.850.000 auk 10% ársvaxta af þeirri upphæð frá 1. maí 1977 til 1. nóvember sama ár, þ. e. kr. 142.500, 3% dráttarvaxta á mánuði af framangreindum fjárhæðum frá 1. nóvember 1977 (til greiðsludags — undanskilið) og innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, ritunar uppboðsbeiðni, kr. 5.000, svo og alls annars kostnaðar, sem af vanskilunum kunni að leiða. Hann krefst einnig málskostnaðar að mati dómsins úr hendi uppboðspóla vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Af hálfu uppboðspóla, hjónanna Eiríks Sigurjónssonar og Guðnýjar Ragnarsdóttur, Túngötu 6, Grindavík, er þess krafist, að synjað verði um uppboðið og gjaldfellingu veðskuldabréfsins, er málið byggist á. Þá er sú krafa gerð, að uppboðsbeiðanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þess hinn 27. október sl.

Með bréfi umboðsmanns uppboðsbeiðanda, dags. 17. janúar 1978, til bæjarfógetans í Grindavík var krafist uppboðs á fasteigninni Túngötu 6, Grindavík, til lúkningar skuld og kostnaði, svo sem greinir í upphafi úrskurðar þessa. Uppboðsbeiðninni fylgdi í frumriti veðskuldabréf, útgefið hinn 12. júlí 1977 af Eiríki Sigurjónssyni og Guðnýju Ragnarsdóttur til handhafa, að fjárhæð kr. 2.850.000. Skuldina lofa þau að greiða að fullu með 19 jöfnum afborgunum, kr. 150.000 í hvert sinn, auk 10% ársvaxta af höfuðstóli skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, frá 1. maí 1977. Gjaldldagi vaxta og afborgana samkvæmt veð-

skuldabréfinu er 1. maí og 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóvember 1977, og veitir skuldareiganda 4. veðrétt með uppfærslurétti í fasteigninni Túngötu 6, Grindavík, ásamt m. a. tilheyrandi lóð eða lóðarréttindum og mannvirkjum á lóðinni. Tíðkanleg ákvæði eru í bréfinu um, að allur höfuðstóll lánsins sé þegar í stað fallinn í gjalddaga án fyrirvara eða aðvörunar, verði dráttur á greiðslu vaxta eða afborgana, verði hinni veðsettu eign ávallt haldið vátryggðri fyrir þeirri upphæð, er skuldareigandi telur fullnægjandi, verði leitað fullnægju í eigninni til lúkningar öðrum kröfum, verði bú skuldara tekið til skiptameðferðar sem þrotabú eða hann á nokkurn hátt vanefni skyldur sínar sem skuldari samkvæmt bréfinu. Þá er skuldin er í gjalddaga fallin, er skuldareiganda heimilt að leita fullnægju í hinni veðsettu eign og láta selja hana á nauðungaruppboði án undangengins dóms eða sáttar samkvæmt 15. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885 eða selja hana á opinberu uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 39. gr. laga nr. 95 frá 5. júní 1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18 frá 4. nóv. 1887 og lög nr. 57/1949.

Veðskuldabréfið var án athugasemda innfært í veðmálabækur hinn 12. júlí 1977 til þinglýsingar á bæjarþingi Grindavíkur. Samkvæmt veðbókarvottorði er fasteignin Túngata 6, Grindavík, með tilheyrandi leigulóð, eign uppboðspola samkv. heimildarbréfi, dags. 1. maí 1973 (sic).

Uppboðspolum var tilkynnt um hina framkomnu uppboðsbeiðni hinn 18. janúar 1978 og þar með, að auglýsing yrði send til birtingar í Lögbirtingablaðinu hinn 13. febrúar 1978. Með bréfi umboðsmanns uppboðspola, dags. 2. febrúar 1978, til bæjarfógetans í Keflavík (og Grindavík) er kunngerð sú fyrirætlan uppboðspola að halda uppi vörnum og beðið um, að frestað verði auglýsingu uppboðsins í Lögbirtingablaðinu. Í framhaldi af uppboðsbeiðni Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, dags. 9. mars 1978, sem uppboðspolum var tilkynnt um hinn 15. mars sl., var uppboðið tekið fyrir hinn 7. júlí sl. eftir útgáfu auglýsingar hinn 17. apríl sl., sem birtist í 33., 34. og 36. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1978. Þá hafði borist önnur uppboðsbeiðni frá Inga R. Helgasoni hæstaréttarlögmanni, dags. 27. júní 1978, svo og frá Landsbanka Íslands, veðdeild, dags. 15. mars 1978. Síðar barst uppboðskrafa Garðars Garðarssonar héraðsdómslögmanns, dags. 13. september 1978. Uppboðsbeiðnirnar, aðrar en sú, sem er til úrskurðar í máli þessu, hafa verið afturkallaðar, svo sem hér greinir: Veðdeildar Landsbanka Íslands hinn 11. ágúst 1978, Inga R. Helga-

sonar hinn 25. ágúst s. á. og Garðars Garðarssonar hinn 18. október s. á.

Í málsúttlistun uppboðsbeiðanda segir, að löglegt greiðslutilboð hafi aldrei komið fram, nema ef kalla mætti deponeringu, dags. 23. desember 1977, því nafni, en það hafi verið allt of seint og því verið ákveðið að gjaldfella bréfið samkvæmt ákvæðum í því sjálfu. Dagana 1.—9. nóvember hafi greiðslustaður bréfsins verið Landsbanki Íslands, Grindavík, en greiðsla ekki boðin fram í bankanum á því tímabili, þótt spurst væri fyrir um bréfið (haft samband við bankann) hinn 10. s. m. Í bréfi umboðsmanns uppboðsbeiðanda, dags. 16. s. m., hafi komið fram, að hann hefði bréfið til innheimtu og jafnframt að greiðslustaður væri að Tjarnargötu 3, Keflavík, enn fremur, að Sveinn Sigurkarlsson, Norðurvör 11, Grindavík, mætti taka við greiðslu eða semja um greiðslu fyrstu 8 dagana eftir dagsetningu bréfsins. Uppboðsbeiðandi tilgreindi einnig sem ástæðu kröfu um gjaldfellingu, að hún hefði verið heimil samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins vegna þess, að aðrir kröfuhafar hefðu leitað fullnægju í eigninni, sbr. uppboðsbeiðnir þær, er greinir hér að framan.

Af hálfu uppboðspola er eftirfarandi fært fram: 1) Löglegar greiðslur hafi „í þrigang“ verið boðnar, en þeim verið hafnað af umboðsmönnum uppboðsbeiðanda, nema með skilyrðum, sem áttu sér ekki löglega stoð. Eigi sé um að sakast, þótt dráttur yrði á deponeringu, þar sem fyrst hafi hvað eftir annað verið reynt að koma löglegri greiðslu til rétttra aðilja. 2) Greiðslustaður bréfsins hafi ekki verið ljós. Það hafi verið til innheimtu í Landsbanka Íslands í Grindavík, en er uppboðspolar hafi ætlað að inna greiðslu af hendi þar hinn 10. nóvember, hafi komið í ljós, að bréfið hafði verið tekið úr innheimtunni degi áður þrátt fyrir þá réttarvenju, sem telja verði löghelgaða, að skuldari hafi allt að 15 daga frest frá gjalddaga til að inna greiðslu af hendi samkvæmt veðskuldabréfi. Þeim hafi síðan ekki verið tilkynnt um greiðslustað bréfsins, fyrr en þau fengu innheimtubréf, dags. 16. nóvember 1977. 3) Þrátt fyrir uppboðsbeiðnir annarra hafi ekki verið leitað fullnægju í eigninni með þeim hætti, að heimilt væri að gjaldfella veðskuldabréfið samkvæmt ákvæði þess; til þess þyrfti uppboðshaldari að hafa sett sölubing á eigninni sjálfri.

Uppboðsbeiðandi og uppboðspoli Guðný Ragnarsdóttir hafa gefið aðiljaskýrslur fyrir réttinum. Einnig hafa þau Sveinn Sigurkarlsson lögfræðingur, Norðurvör 11, Grindavík, og Margrét

Böðvarsdóttir afgreiðslustúlka, Garðavegi 2, Keflavík, borið vætti.

Guðný Ragnarsdóttir kvað uppboðspolana hafa gefið út umrætt veðskuldabréf vegna kaupa á fasteigninni Túngötu 6, Grindavík, af uppboðsbeiðanda. Hún kvað bréfið hafa verið búið að liggja tilbúið heima hjá sér í þrjá—fjóra mánuði, er uppboðsbeiðandi kom þar hinn 4. eða 5. nóvember sl. og náði í það. Henni hafi skilist á uppboðsbeiðanda, að hann mundi sætta sig við nokkurn frest á greiðslu, en ekki hafi verið rætt, hvar bréfið yrði. Eftir um tvo daga hafi hún fengið innheimtutilkynningu frá Landsbankanum í Grindavík, en er hún fór þangað til að greiða hinn 11. eða 12. nóvember, hafi henni verið tjáð, að bréfið hefði verið tekið þaðan hinn 10. nóvember. Síðan hafi hún fengið bréf, dagsett 16. nóvember 1977, frá Gísla K. Sigurkarlssyni héraðsdómslögmanni, sbr. dskj. nr. 7. Fljótlega eftir það kvaðst hún hafa hringt til Sveins Sigurkarlssonar og sagst vera reiðubúin að greiða afborgun og vexti samkvæmt bréfinu, en hann hafi ekki viljað taka við slíkri greiðslu, nema hún samþykkti jafnframt víxil fyrir skuld að fjárhæð kr. 333.514, sem henni hafi skilist, að væri greiðsla vaxta út af kaupsamningi, sem þar kæmi þó hvergi fram. Sama dag kveðst hún hafa átt tal af uppboðsbeiðanda og þá skilist, að hann væri reiðubúinn að veita viðtöku greiðslu afborgunar og vaxta. Þetta hafi verið skömmu fyrir kvöldverðartíma og þau bæði í vinnu, en svo hafi um talast, að uppboðsbeiðandi kæmi í kvöldverðartíma það kvöld og sækti greiðsluna. Rétt á eftir hafi Sveinn Sigurkarlsson hringt til hennar og hún þá ítrekað fyrra greiðslutilboð, en hann hafi sagt, að ekki yrði gengið frá neinni greiðslu, nema nefndar kr. 333.514 yrðu jafnframt gerðar upp, en greiða mætti fjárhæðina í tvennu lagi. Hún kvað eiginmann sinn hafa verið á sjó í nóvembermánuði, en komið í land um mánaðamót nóvember — desember og þá talað við Gísla K. Sigurkarlsson.

Uppboðsbeiðandi kvaðst hafa sótt veðskuldabréfið til Guðnýjar Ragnarsdóttur, er einhverjir dagar voru liðnir fram yfir gjald-daga þess, og hafi hún ekkert rætt um gjaldfrest. Kvaðst hann strax hafa farið með bréfið til innheimtu í Landsbankaútibúið í Grindavík, en um 10. nóvember tekið það þaðan og komið því til Gísla K. Sigurkarlssonar. Nokkru síðar hafi hann veitt uppboðspolum veðleyfi vegna láns, sem hafi átt að renna til hans. Alllöngu síðar, þó í nóvember fremur en desember, hafi Guðný hringt til hans skömmu fyrir kvöldverðartíma og talað um, að

hann gæti þá í kvöldverðartímanum sótt til hennar greiðslu afborgunar og vaxta af bréfinu, en það hafi hann ekki gert, enda hafi hann viljað jafnframt fá greiddar kr. 333.514 sem vexti vegna kaupanna. Enn síðar hafi Eiríkur Sigurjónsson talað við hann og boðið fram greiðslu afborgunar og vaxta, en þar sem Eiríkur hafi ekki viljað viðurkenna greiðslu (-skyldu) á nefndum kr. 333.514, hafi hann ekki viljað veita greiðslunni viðtöku, enda verið búinn að ákveða að gjaldfella allt bréfið. Hann kvaðst ekki hafa sagt uppboðspólum frá því, er hann tók veðskuldabréfið úr Landsbankaútibúinu, eða hverjum hann hefði falið frekari innheimtutilraunir.

Sveinn Sigurkarlsson bar, að hinn 9. desember sl., þ. e. örugglega þann dag og ekki fyrr, hafi Guðný Ragnarsdóttir hringt til hans og talað um, að hún vildi greiða af veðskuldabréfinu, sem um ræðir í málinu. Kvaðst hann lítið hafa getað sagt, enda aðeins haft í höndum afrit af innheimtubrési, dskj. nr. 7, og greiðslufrestur samkvæmt því verið liðinn. Síðar sama dag hafi hann talað við Erling Kristinsson, tengdason uppboðsbeiðanda, og hafi Erling sagt, að bréfið yrði allt gjaldfellt, nema greiddar yrðu kr. 333.514 til viðbótar við fyrstu greiðslu afborgunar og vaxta samkvæmt bréfinu. Kvaðst Sveinn hafa hringt til Guðnýjar að kvöldi sama dags og borið henni þessi orð ásamt þeim skilaboðum frá Erling, að greiða mætti nefnda viðbótarfjárhæð með víxlum eftir þrjá og sex mánuði. Hann kvaðst hafa tekið fram, að hann hefði ekkert vald til samninga. Hann skýrði svo frá, að ef talað hefði verið við hann í þessu sambandi fyrir 9. desember, væri fullvíst, að þá hefði ekki verið boðin fram nein greiðsla. Hann kvað sig minna, að Guðný hefði eitt sinn talað um lífeyrissjóðslán, sem hún ætti von á.

Margrét Böðvarsdóttir kvaðst hafa verið nágranni og vinkona uppboðspóla Guðnýjar Ragnarsdóttur fram um mitt ár 1977, er hún fluttist til Keflavíkur. Hún kvaðst seint í nóvembermánuði 1977, að öllum líkindum milli 20. og 28. nóvember, hafa farið til Grindavíkur og komið við hjá Guðnýju. Þetta hafi verið um kvöldmatarleyti og Guðný verið í síldargalla, nýkomin úr vinnu. Kvaðst hún muna, að Guðný hefði verið með bréf í höndunum og sagst þurfa að hringja til Sveins Sigurkarlssonar lögfræðings. Hún hafi síðan hringt til Sveins og vitnið hafi heyrt, að hún bauð einhverja greiðslu. Eftir símtalið hafi Guðný haft orð á því, að Sveinn hafi ekki viljað borgun og að „það væri meira hvað þetta gengi illa“ eða eitthvað á þá leið.

Í málinu liggja frammi ljósrit kaupsamnings aðiljanna, dags. 20. september 1975, og afsals, dags. 1. maí 1977, hvort tveggja varðandi fasteign þá, er um ræðir í málinu. Í kaupsamningi getur veðskuldabréfs þess, sem fjallað er um í máli þessu, en þess utan er í hvorugu skjalanna orðuð skuldbinding kaupenda til vaxtagreiðslna.

Þá liggja frammi afrit tveggja kvittana Landsbanka Íslands fyrir deponeringum af umræddu veðskuldabréfi: 1) Dags. 23. desember 1977, að fjárhæð kr. 301.500 (afborgun kr. 150.000, 10% vextir frá 1. maí 1977 til 1. nóvember 1977, kr. 142.000, og dráttarvextir frá 1. nóvember 1977 til 23. desember 1977, kr. 9.000). 2) Dags. 28. apríl 1978, að fjárhæð kr. 285.000 (afborgun kr. 150.000, vextir kr. 135.000). Enn fremur liggja frammi afrit bréfa, þar sem fram kemur, að hinn 29. desember 1977 sendi umboðsmaður uppboðspola umboðsmanni uppboðsbeiðanda ávísun að fjárhæð kr. 42.000 til greiðslu innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá LMFÍ til viðbótar fyrri deponeringu, en ávísunin var síðan endursend með bréfi umboðsmanns uppboðsbeiðanda, dags. 11. janúar 1978.

Í málinu er eigi upplýst, að uppboðsbeiðandi hafi vitjað greiðslu gjaldfallinnar afborgunar og vaxta samkvæmt veðskuldabréfi því, sem í málinu greinir, er hann sótti það á heimili uppboðspola. Hins vegar verður við það miðað samkvæmt framburði uppboðspola Guðnýjar Ragnarsdóttur, sem að því leyti er í samræmi við framburð uppboðsbeiðanda, að henni hafi borist innheimtutilkynning frá Landsbanka Íslands, útibúi í Grindavík, 6. eða 7. nóvember 1977, og innheimtubréf umboðsmanns uppboðsbeiðanda á tímabilinu 17.—20. sama mánaðar. Ósannað er, að uppboðspolar hafi boðið fram greiðslu afborgunar og vaxta samkvæmt veðskuldabréfinu fyrir en 9. desember 1977, en þá þegar var greiðsludráttur slíkur, að uppboðsbeiðanda var eigi lengur skylt að setta sig við dráttarvexti eina sem viðurlög vanskilanna, og var allur höfuðstóll skuldarinnar þegar af þeirri ástæðu gjaldkræfur samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins. Þau gerðu síðan eigi tilraun til beitingar þess úrræðis að geymslugreiða féð, er greiðslu hafði verið hafnað af hálfu uppboðsbeiðanda, fyrir en 23. desember sama ár.

Samkvæmt auglýsingu, útgefinni 17. apríl 1978, skyldi nauðungaruppboð fara fram á fasteigninni Túngötu 6, Grindavík, með tilheyrandi lóðarréttindum og mannvirkjum að kröfu Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns. Að þeirri og síðari uppboðs-

beiðnum afturkölluðum hefur uppboðsbeiðandinn, Þorkell Árnason, samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1949 og heimild í hinu gjaldfallna veðskuldabréfi, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 95/1947, rétt til að krefjast þess, að uppboðsaðgerðum verði fram haldið á grundvelli þess, sem þegar hefur gert verið.

Úrslit málsins verða því samkvæmt framansögðu þau, að hið umbeðna uppboð verður látið ná að ganga fram samkvæmt kröfu uppboðsbeiðanda og á hans ábyrgð. Það verður haldið á eigninni sjálfri eftir nánari ákvörðun uppboðsréttarins.

Rétt er, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Í þinghaldi hinn 7. júlí sl. voru af misgáningi lögð fram skjöl, uppboðsbeiðni Landsbanka Íslands, veðdeildar, ásamt veðskuldabréfi, dskj. nr. 12 og 13, sem uppboðsmáli þessu eru óviðkomandi og varða raunar aðra fasteign.

Sérstakt uppboðsréttarmál um hinn framkomna ágreining hófst hinn 28. febrúar sl. Þá setti umboðsmaður uppboðspola fram þá kröfu, að hinn reglulegi uppboðshaldari, bæjarfógetinn í Grindavík, viki sæti. Í þinghaldi hinn 20. október sl. var krafan formlega afturkölluð, enda hafði Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari annast meðferð málsins frá 7. júlí sl., og kveður hann upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.
